



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
8. fundur 2015 (54. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 30.10.2015 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Guðmundur Björnsson og Steinþór Einarsson boðuðu forföll.

Sigurður Thoroddsen stjórnaði fundi í fjarveru formanns nefndarinnar.

1. Drög að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar

Skipulagsfulltrúi kynnti tillögu að svörum við athugasemdum þeim sem kynntar voru á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar. Að auki hafði borist ein athugasemd frá Samgöngustofu til viðbótar eftir að umsagnarfrestur rann út.

Skipulagsnefndin samþykkti tillögu skipulagsfulltrúa að svörum og fól honum að senda þau viðkomandi aðilum.

Sigurður Thoroddsen lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég undirritaður tel að bæta þurfi tengsl milli landnotkunaruppdráttar og greinargerðar á þann hátt, að auðkenna með punktalínu utan um tvö lykilsvæði á landnotkunaruppdrættinum, eða Flugstöðvarsvæði og Háleitissvæði, og hafa þar texta: Sjá nánar í greinargerð á bls. ?

Skipulagsnefndin samþykkti að vísa efni bókunarinnar til skipulagshöfunda til úrvinnslu.

2. Blikavöllur 5 - breyting á deiliskipulagi

Á 52. fundi skipulagsnefndarinnar var samþykkt að fram færi grenndarkynning vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Blikavöllur 5 sem varðaði stækkun byggingarreita og aukningu nýtingarhlutfalls.

Við grenndarkynninguna bárust athugasemdir frá Bílaleigunni Geysi og Vesturvör 34 ehf. Athugasemdir Vesturvarar ehf vörðuðu sýnileika eignar Vesturvarar, hávaða og mengun og aukna umferð.



Afgreiðslu málsins var frestað og stefnt að öflun frekari upplýsinga um útfærslu auk annarra atriða.

3. Fálkavöllur 7, breyting á deiliskipulagi

Gerð er tillaga um eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fálkavöllur 7:

- Þakkant þarf ekki að byggja eins og gildandi skipulag segir til um
- Hæð húss er heimil að hámarki 6,6 m eins og eldra hús er, en skilmálar segja 6,2 m
- Byggingarreitur vestan við núverandi hús færist um 2 m til vesturs og tengibygging við eldra hús er heimil
- Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,40 í 0,41

Að mati skipulagsnefndarinnar er um minni háttar breytingar að ræða sem falla undir ákvæði skipulagsreglugerðar um grenndarkynningu. Þar sem enginn aðili hefur hagsmuna að gæta að mati skipulagsnefndarinnar, fellur grenndarkynningin niður.

Skipulagsnefndin samþykkti framangreindar breytingar.

4. Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar

Þróunaráætlunin var kynnt í Stapa þann 13.10. 2015.

Skipulagsfulltrúi fór lauslega yfir kynninguna á fundinum.

(www.isavia.is/masterplan)

5. Deiliskipulagsáætlanir - undirbúningur Isavia fyrir deiliskipulagsáætlanir í framhaldi af þróunaráætlun

Isavia hefur boðið út gerð eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Flugstöðvarsvæði
- Háaleitishlað

6. Isavia - umsókn um stöðuleyfi fyrir gám

Isavia sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám til samsetningar á reiðhjólum fyrir ferðamenn. Verður gámurinn staðsettur við enda reiðhjólástígs.

Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfi fyrir gáminn til eins árs.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður föstudaginn 27.11.2015, kl. 13:30 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/ layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>